

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 8.03. 2001

Dagskrá: Ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:14

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Friðrik Hafberg (FH), Áskell Bjarni Fannberg (ÁBF), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Ævarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1 Farið yfir mál frá síðasta fundi.

- i) BS bent á að “Wafer” eins og hún hefur margoft skrifað heitir það bara alls ekki. 3 tillögur nefndar um hvernig rétt sé. TÆ dregur upp varahlutaskrá og samkv. henni skal það vera **Wayfarer**. Undirrituð reynir að láta þetta ekki koma fyrir aftur.
- ii) **Gagnamöppur.** EK finnst góð hugmynd. Bátismaður ætti að bera ábyrgð á.
- iii) **Fundargerðir á netinu:** EK, ÁBF og FH mótfallnir þessu. EK e.t.v. afgreiðslur annað er okkar á milli. GGH segir Ými vera með þetta á netinu. TÆ og GGH birta ákvarðanir sem teknar hafa verið. Ekki frekar rætt.
- iv) **Heimasíðan:** EK segir að hafi átt að klára þetta á einum stað. ÁBH segir að sé ekki dýrara að vista hjá okkur. FH ósammála því segir að ef það yrði gert gæti það sett okkur á hausinn, þyrftum að borga fyrir öll “gígabæt” sem yrðu flutt. EK vill komast að einni niðurstöðu, erum búin að fá inni á einum stað því fylgi kostnaður að flytja þaðan segir okkur hafa aðgang að því að laga og breyta. GGH og FH vilja koma á “fronti” og byrja á þessu. HÁ hefur heimildir fyrir því að best sé að vera hjá símanum vegna þeirra breytinga sem gæti þurft að gera. GGH spyr hvort ekki sé öruggt að við séum búin að tryggja okkur sailing.is. ÁBF erum ekki búin að borga þetta en er frátekið. GGH segir að SÍL vilji fá þetta. EK vill gefa 2 vikur til að koma þessu af stað. HÁ segist vera með mann í þessu sem vill flytja til símans vegna einhvers í í vinnslunni segist þurfa að fá lógóið til að setja inn.
- v) **Afreksstefna Þyts:** EK segir nauðsynlegt
- vi) **Þjálfaramál** EK hefur ítrekað fyrirspurn til Írlands. FH og BS ætla að klára um næstu helgi að gera fyrstu tillögur fyrir sumarið.
- vii) **Gluggatjöld** BS er byrjuð að athuga. Ekki lokið. Verður dýrt
- viii) **Merkingar á fatnað:** EK segir að 50 merki kosti 21.000, 100 merki kosti kr. 38.000. EK með útliti eins og merkið er í dag eða hvort eigi að setja eitthvað í kringum það. GGH vill láta sauma í jakkana, EK segir það vesen. GGH og EK

sammála um að gylla smávegis og gera flott. EK vill fá einhvern til að bæta í kringum merkið. BS spyr hver eigi höfundarétt að merkinu. GGH segir að fari á jakkana bara með merkinu þar standi bara Þytur því hægt að breyta hvenær sem er.

2. Afreksstefna SÍL, kostnaðaráætlun

GGH nefnir að hafi komið fram á SÍL þingi að kostnaðaráætlun sem SÍL gerir annars vegar og þær áætlanir sem nefnd um afreksstefnu gerir stemmi ekki peningalega. Er einhver óskhyggja. EK og TÆ segja að sé sett fram sem takmark sem menn vilji ná.

3. Cuxhaven

EK er búinn að fá fax. Þjóðverjarnir eru búnir að reyna að finna leigubát fyrir okkur en það ekki tekist. Þeir bjóða okkur að sigla með þeim á þeirra bátum. EK segir að verði í það heila 2-3ja vikna ferð. EK segir að það hafi verið nefnt að senda Secret út með skipi og sigla á honum. EK segir að skilaboðin séu þau að við séum velkomin til þeirra þjóðverjarnir séu tilbúnir til að taka á móti 6-8 manns og hýsa þá fyrir keppnina, yrðum þeirra gestir. ÁBF fer ekki, vill að einhverjir fari í 2-3 daga fyrir keppnina ekki endilega til að sigla heldur til að byrja þessi samskipti og undirbúa meiri. GGH segir að sé alltof langt. EK nefnir að við gætum e.t.v. tekið á móti Optimist-krökkum á Íslandsmótið í ágúst. BS efast um að bætandi verði á álagið þá helgi. TÆ nefnir að krakkar þar byrji í skóla á öðrum tíma. TÆ segir að ef einhver í klúbbnum vilji fara og sigla með þeim sé það bara gott mál. ÁBF heldur að hægt sé að ná í peninga í þetta. EK ætlar að tala við Jónas Guðlaugsson formann Cuxhavenfélagsins.

4. Plöstunaráætlun

GGH með vörulista frá Odda. Þeir selja 2 gerðir af “plöstunaráætlun”. Önnur kostar kr. 17.000 og getur plastað allt frá þeirri stærð sem er á kreditkortum og upp í A4. Hin kostar kr. 32.000 og getur plastað uppí A3. Þörf er á svona vél m.a. vegna nýju félagsskírteinanna. Samþykkt að kaupa minni vélina.

5. Skjávarpi

GGH með hugmynd um að reyna að semja við Sph um skjávarpa. Sph hefði nafnið sitt á töflunni fyrir sitt. Ekki rætt.

6. Forgangsröðun framkvæmda á athafnasvæði Þyts.

ÁBH spyr um bréf sem átti að semja um þetta. Spyr hvort klúbburinn eigi að senda þetta eða stjórn ÍBH. EK ætlar að senda bréfið til ÁBF

7. Fulltrúi Þyts í IBH

Áskell Bjarni Fannberg verður áfram fulltrúi þar.

8. Æfingar eru að hefjast

GGH segir að Hafsteinn Ægir (HÆ) ætli að byrja að æfa í mars. Þarf að laga fjöruna og fá sand sem þjappast vel. HÁ segir að þannig sandur sé dýr. EK talar við Mú Sveinbörnsson. GGH leggur til að þegar HÆ byrjar að æfa þurfum við að láta unglíngana vita af því svo þau byrji líka æfingar. EK segir að SÍL ætli að setja upp æfingaprógram fyrir þá krakka sem fara út, HÆ myndi þjálfa strákana en Sigga stelpurnar. BS spyr hví þurfi 2. EK segir að sé vegna þess að stákar keppi á Laser en stelpur á Europ. BS spyr hvort til séu Europ bátar. Það kemur fram að til eru 2-3 nothæfir.

9. Vinnukvöld

EK segir að þurfum að fara að koma eitt kvöld í viku. TÆ segir ekki veita af og þurfi að draga með sér menn í ákveðin verkefni. GGH mjög upptekinn á næstunni. Ákveðið að þriðjudagskvöld verði vinnukvöld. FH vill fá lista frá bygginganefnd á tölvutæku formi en slíkt sé líklega til Hjú Atla. Þarf að forgangsráða verkefnum. GGH og TÆ þarf að vinna í bátunum og klára frágang á neðri hæðinni. GGH segir að þurfi eldvarnarhurðir á hæðina..

10. Lög ÍBH

ÁBF spyr BS um athugasemdir við drögum að lögum ÍBH. BS hefur gert margar athugasemdir sem hún afhendir ÁBH. ÁBH leggur til að BS fái nýjustu drögin á tölvutæku formi og líti á þá útgáfu. BS talar við Óskar Ármannsson um það.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:26

Birna Sigþórsdóttir (sign)